



Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Laufásborg

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Hamingjuhöllinni ehf. kt. 650324-0480, leyfi til að reka leikskólann Laufásborg.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Laufásvegi 53-55, í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 116 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Vottorð liggja fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrimælum yfirmanna þeirra og eðli máls. Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Við leikskólann skal starfa eitt foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. janúar 2026.

Reykjavík, XX. desember 2025

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavík



Reykjavík